

Grindavíkurbær  
Elísabet Bjarnadóttir  
Víkurbraut 62  
240 Grindavík

Reykjavík, 4. apríl 2024  
UST202403-155/A.B.  
10.04.03

## Efni: Lýsing - Heildarendurskoðun deiliskipulags í Svartsengi - Auðlindagarður í Grindavík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grindavíkurbæjar er barst 12. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir í Svartsengi og Auðlindagarð í Grindavík.

Í erindinu kemur fram að skipulagssvæðið nær til landnotkunar AT2 (athafnasvæði), VÞ8 (verslun og þjónusta) og I1 (iðnaðarsvæði). Mögulega kann skipulagsvinnan að leiða til breytinga á skipulagsmörkum með þeim hætti að það nái t.d. til borteiga utan markanna. Ein af helstu forsendum endurskoðunar er að í kringum orkuver HS Orku í Svartsengi og á Reykjanesi hefur byggst upp fjölbreytt starfsemi nefnd Auðlindagarðurinn þar sem afurðir eða auðlindastraumar eru nýttir frá orkuverunum. Starfsemin boðar nýja framtíðarsýn og hvetur til enn frekari þróunar á nýtni megin- og afgangstrauma frá orkuverum. Vegna staðsetningar og aðstæðna má nýta afgangstrauma frá orkuverunum til fjölbreyttrar framleiðslu. Meðal fyrirtækja sem njóta góðs af starfseminni má nefna Bláa Lónið, snyrtivöruframleiðendur, auk líftæknifyrirtækja og fyrirtækja í fiskiðnaði, fiskþurrkun og fiskeldi. Auk þess segir að mikilvægt er að nýtt deiliskipulag svæðisins taki tillit til stefnu um Auðlindagarð og þau tækifæri sem felast í honum. Að undanförunu hefur aukist áhugi og ásókn fyrirtækja og rannsóknaraðila að vera með starfsemi í Auðlindagarðinum. Því er þörf á að skoða svæðið í heild, skipuleggja nýjar lóðir og tryggja að starfsemin falli að markmiðum Auðlindagarðsins.

### Hraun

Í greinargerð segir að deiliskipulagssvæðið er að hluta innan C-hluta Náttúruminjasrár. Um er að ræða Sundhnúksröðina og Fagradal. Í deiliskipulagstillögum verða slík svæði afmörkuð sem og önnur verndarsvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið á skipulagssvæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að

aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast risk þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar getur skipulagstillagan valda óafturkræfu riski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á það.

Ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

## **Vatnamál**

Í greinargerð segir að í umhverfismatskýrslu verður grein fyrir stöðu grunnvatnshlots skv. fyrirbyggjandi gögn. Til skoðunar verður hvort að framkvæmd deiliskipulags sé líkleg til að hafa áhrif á álag á vatnshlotið og hvort þörf sé á mótvægisáðgerðum.

Í greinargerð skipulagsins þarf því að fjalla um vatnshlotin (hér líklega einungis grunnvatnið) sem framkvæmdin nær til og setja inn vatnshlotanúmer þess. Auk þess þarf að fjalla um umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið, hvert núverandi ástand þess er og fjalla um þá þætti sem geta haft áhrif á grunnvatnið.

Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að framkvæmdir/starfsemi hafi áhrif á grunnvatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin (magnstaða og efnafræðilega þætti) og hvort hún muni hafa áhrifa á umhverfismarkmið vatnshlotsins. Slíkt áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en gefið er út framkvæmdaleyfi.

Slíkt áhrifamat þarf að fjalla á skýran hátt um:

- Tilgang með matinu, þ.e. að það sé unnið til að meta áhrif starfsemi/framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Stöðu og möguleg áhrif á vatnshlotin sem um ræðir (óflokkað/flokkað) . Fjalla þarf bæði um bein og óbein áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot. Einnig þá gæðapætti í yfirborðsvatni sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti (sjá vatnaáætlun og [www.vatn.is](http://www.vatn.is)).
- Að gerð verði áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast.
- Umhverfismarkmið og hvort þau munu nást eða ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það er hætta á því að ástand versni eða ef að vatnshlotið mun ekki ná umhverfismarkmiðum vegna framkvæmdarinnar) og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu.

Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra. **Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflokk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum.** Að uppfylltum skilyrðum 18. gr. laga um stjórn vatnamála er hægt að óska eftir heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshloti í samræmi við sömu grein laga um stjórn vatnamála.

### Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

### Afmörkun

Í greinargerð segir að mögulega kann skipulagsvinnan að leiða til breytinga á skipulagsmörkum með þeim hætti að það nái t.d. til borteiga utan markanna. Umhverfisstofnun leggur til að skipulagssvæðið nái einnig til þeirra varnargarða sem umliggur skipulagssvæðið sem og öðrum fyrirhuguðum varnargörðum.

## Náttúruvá

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að umfjöllun um náttúruvá verði gerð góð skil í tillögunni í ljósi yfirstandandi atburða á svæðinu. Bæði með tilliti til hraunrennslis, eldgosa, gliðnunar og sprungumyndana og loftgæða vegna gasmengunar.

## Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála sé á skipulagssvæðinu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

**Sérfræðingur**

Ríkey Kjartansdóttir

**sérfræðingur**